


Endurnýting úrgangs í fyllingar

Leiðbeiningar



Endurnýting úrgangs í fyllingar

Apríl 2024

Útgefandi Umhverfisstofnun

Útgáfunúmer UST-2024:06

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

www.ust.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Skilgreiningar	3
3. Fylling	3
3.1 Hentugur úrgangur í fyllingar með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti	4
3.2 Dæmi	5
4. Efnislosunarstaður	6
5. Landfylling	6
5.1 Dýpkunarefni	6
6. Millilager	6
7. Urðun óvirks úrgangs	7
7.1 Hvað er óvirkur úrgangur?	7
8. Landmótun	7

1. Inngangur

Umhverfisstofnun er í 4. gr. reglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg meðal annars gert að gefa út leiðbeiningar um meðhöndlun mengaðs jarðvegs. Er þessum leiðbeiningum ætlað að varpa ljósi á muninn á mismunandi hugtökum varðandi meðhöndlun jarðvegar sem fellur undir endurnýtingu.

Orðið *landmótun* er ekki skilgreint í umhverfislöggjöfni. Umhverfisstofnun mælir því með að notkun orðsins sé hætt í þessu samhengi og að hugtökin urðun eða fylling séu eingöngu notuð. Farið er yfir það hvaða mismunandi endurnýtingaraðgerðir eru hæfar og viðeigandi hugtök og endurnýtingarleiðir skilgreindar, s.s. fylling, efnislosunarsvæði, landfylling, óvirkur úrgangur, millilager og urðun.

Einnig er komið inn á hvaða aðgerðir eru starfsleyfisskyldar og hjá hvaða stjórnvaldi.

2. Skilgreiningar

Fylling: Sérhver endurnýtingaraðgerð þar sem hentugur úrgangur, sem ekki er spilliefni, er notaður til endurheimtar á graftarsvæðum eða á tæknilegan hátt við landmótun. Úrgangur sem er notaður í fyllingar verður að koma í staðinn fyrir efni sem ekki er úrgangsefni, henta í áðurnefndum tilgangi og takmarkast við það magn sem er nauðsynlegt til þess að ná þessum tilgangi (3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs).

Endurnýting: Er aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns, þ.e. hann kemur í stað annars efnisviðar sem annars hefði verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann er útbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu (3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs).

Úrgangur: Hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við (3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs).

3. Fylling

Fylling er það hugtak sem nota skal fyrir starfsemi þar sem jarðvegur, frá áður ónotuðu svæði (e. *virgin material*), eða úrgangur er notaður í stað nýs efnis við fyllingar, á t.d. graftarsvæðum, við tæknilega mótun á yfirborði lands (e. *landscaping*), eða jarðvegsmanir (ef þörf er á fyrrnefndum fyllingaraðgerðum en ekki sem leið til að losa sig við úrgang).

Í fyllingar er notaður úrgangur sem er hentugur til slíkrar endurnýtingar. Fyllingar eru því ekki ætlaðar sem förgunarleið fyrir úrgang. *Óheimilt er að farga úrgangi í fyllingar.* Aðeins er leyfilegt að nota úrgang í fyllingar ef hann kemur í stað annars efnis sem hefði verið fengið í verkið. Fylling skal ávallt vera í samræmi við skipulag og skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (1-3).

Kröfur sem þarf að uppfylla svo aðgerð teljist fylling:

1. Úrgangur til endurnýtingar sem notaður er í fyllingar þarf að koma í staðinn fyrir efni (sem ekki er úrgangur) sem annars væri keypt eða fengið sérstaklega fyrir framkvæmdina, t.d. úr námu.
2. Úrgangur til endurnýtingar sem notaður er má einungis vera í því magni sem þarf fyrir framkvæmdina.
3. Úrgangur til endurnýtingar sem notaður er í fyllingu skal henta í fyrirhugaða framkvæmd.

Fyllingar eru starfsleyfisskyldar hjá heilbrigðiseftirliti sem endurnýting úrgangs, skv. 19. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í fyllingar má, eftir því sem við á, nota m.a. þann úrgang sem talinn er upp hér að neðan svo fremi sem um endurnýtingu á úrgangi sé að ræða, en ekki leið til að losa sig við úrgang (sjá skilgreiningu um það hvenær jarðvegur er úrgangur í kafla 2). Úrgangurinn sem er notaður má ekki menga, auka mengun á, í eða við fyllingarsvæðið. Fyllingar þar sem endurnýtt eru meira en 500 tonn af úrgangi á ári er tilkynningaskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar (sbr. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana).

3.1 Hentugur úrgangur í fyllingar með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti

Úrgangurinn sem nýttur er í þessum tilgangi skal ávallt henta í fyrirhugaða notkun, bæði hvað varðar eðlis- og efnafræðilega eiginleika.

- Jarðvegur
- Sandur
- Steinar
- Uppgröftur
- Mulið berg
- Hrein, járnhreinsuð steypa
- Uppfræst malbik (þó einungis sem undirlag eða burðarlag undir nýtt malbik)
- Dýpkunarefni, uppfylli það kröfur í reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

3.2 Dæmi

1. Ómengaður jarðvegur sem mokað er burtu undan byggingu sem er búið að rífa telst endurnýting úrgangs og hæfur í fyllingu.
2. Ómengaður jarðvegur sem grafinn er upp á áður ónotuðu svæði er ekki úrgangur.
3. Ómengaður jarðvegur sem notaður er aftur innan sömu lóðar/svæðis er ekki úrgangur.
4. Jarðvegur þar sem efnainnihald er undir hámarksgildi landnotkunar íbúðarsvæðis¹ ætti ávallt að endurnýta t.d. í fyllingu eða aðra notkun en ekki senda í urðun.
5. Jarðvegur þar sem efnainnihald er undir hámarksgildi landnotkunar atvinnusvæðis¹ en yfir hámarksgildi landnotkunar íbúðarsvæðis¹ getur verið hæfur í endurnýtingu og fyllingu. Ræðst það af því hvort notkunargildi sé til staðar eða hvort verið sé að losa sig við jarðveginn.
6. Jarðvegur þar sem efnainnihald fer yfir hámarksgildi landnotkunar atvinnusvæðis¹ er úrgangur og sjaldnast hæfur til endurnýtingar nema að undangenginni hreinsun.
7. Ómengið og járnhreinsuð steypa, frá niðurrifi á íbúðarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og ekki mengandi starfsemi sem notuð er í fyllingu er endurnýtingaraðgerð.
8. Steypa frá niðurrifi á húsnæði sem ekki er hægt að staðfesta að sé ómengið (mengandi starfsemi) er ekki tæk í fyllingu nema að undangenginni rannsókn sem staðfestir hreinleika steypunnar.
9. Malbiksfræs sem er notað í framleiðslu á nýju malbiki telst endurvinnsla og því ekki fylling.
10. Malbiksfræs sem notað er sem undirlag/burðarlag undir malbikaða vegi í stað nýs efnis úr námu er endurnýtingaraðgerð og því hæft sem fylling.
11. Malbiksfræs sem dreift er á vegi (án þess að binda í nýtt malbik), til að fylla í holur er ekki endurnýting þar sem malbikið eykur á mengunina á svæðinu og í flestum tilfellum er verið að losa sig við malbikið.
12. Ef móttakandi fær greitt fyrir móttöku úrgangs er ekki um endurnýtingaraðgerð að ræða þar sem eigandinn er að losa sig við úrganginn.
13. Nýtt efni úr námu, eða áður ónotað efni úr námu sem er notað t.d. í húsagrunna eða undir vegi er ekki úrgangur og þá ekki fylling.

¹Hámarksgildi landnotkunar íbúðarsvæðis og atvinnusvæðis eru gefin upp í viðauka í reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg

4. Efnislosunarstaður

Á efnislosunarstað er einungis leyfilegt að losa hreinan jarðveg frá uppmokstri, t.d. húsa grunnnum, sem er annaðhvort nýtt efni s.s. úr námu eða áður ónotað efni. Ekki er leyfilegt að losa annan úrgang eða efni á efnislosunarstað, þ.m.t. óvirkan úrgang. Efnislosunarstaður er ekki starfsleyfis skyldur hjá heilbrigðiseftirliti eða Umhverfisstofnun en getur þurft framkvæmdaleyfi frá sveitarfélaginu.

5. Landfylling

Landfyllingar skiptast annarsvegar í lokaðar landfyllingar og hinsvegar í opnar landfyllingar. Lokað landfylling er skilgreind sem nýmyndun lands sem varin er að öllu leyti með varnargörðum. Opin landfylling er nýmyndun lands sem ekki er varin, eða er að hluta varin með varnargörðum. Opnar landfyllingar teljast vera varp í hafið og eru leyfis skyldar hjá Umhverfisstofnun.

Þegar um er að ræða lokaða landfyllingu þar sem einungis er notað nýtt eða áður ónotað efni er um efnislosunarstað að ræða sem ekki er starfsleyfis skyldur, en krefst þó framkvæmdaleyfis hjá sveitarfélaginu. Þegar notaður er úrgangur í landfyllinguna, er um að ræða endurnýtingaraðgerð þar sem hentugur úrgangur, sem getur einnig verið dýpkunarefni, er notaður. Slíkar landfyllingar falla því undir skilgreininguna um fyllingu og eru sem slíkar starfsleyfis skyldar hjá heilbrigðiseftirlitinu skv. 19. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ef annar úrgangur sem ekki er hentugur í landfyllinguna eða mengaður jarðvegur/dýpkunarefni er notað, þá er um urðun að ræða sem er starfsleyfis skyld hjá Umhverfisstofnun.

5.1 Dýpkunarefni

Ekki er alltaf hægt að gera ráð fyrir að dýpkunarefni sem tekin eru í og við hafnir, þar sem fram hefur farið einhverskonar mengandi starfsemi, sé hreint efni fyrr en rannsóknir hafa sýnt fram á það. Þó getur efnið verið hreint sé um reglubundna viðhaldsdýpkun að ræða ef mengunarefni nær ekki að safnast í setinu á milli dýpkana.

6. Millilager

Millilager er móttökustöð þar sem tekið er við jarðefni til lengri eða skemmri geymslu, umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðferðar. Á millilagerum er hægt að geyma jarðefnið í eitt ár áður en því er fargað eða allt að þremur árum áður en hreinsun eða endurnýting hefst. Frá millilager er jarðvegurinn sendur til endurnýtingar eða förgunar sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Millilager er starfsleyfisskyldur hjá heilbrigðiseftirlitinu skv. 72. tl. í viðauka IV laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. Urðun óvirks úrgangs

Urðun á óvirkum úrgangi er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, sbr. 8. tl. II. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allir staðir sem taka á móti óvirkum úrgangi eru urðunarstaðir en hvorki fyllingarstaðir né efnislosunarstaðir. Tilgangur þessara urðunarstaða er að taka á móti óvirkum úrgangi, sem handhafi ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við, til förgunar.

7.1 Hvað er óvirkur úrgangur?

Samkvæmt töflu 2.1.1 í II. viðauka í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs er m.a. eftirfarandi úrgangur óvirkur:

- Glertrefjaefni
- Glerumbúðir
- Steinsteypa
- Múrsteinar
- Flísar og keramik
- Gler
- Jarðvegur og steinar

Annar úrgangur getur talist óvirkur ef hann uppfyllir losunarmörk fyrir útskolun (II. viðauki, liður 2.1.2.1 og 2.1.2.2 í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs).

8. Landmótun

Hugtakið landmótun er notað í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um frágang lóða og efnistökusvæða þ.e. um mótun á yfirborði lands. Ákvörðunartaka um landmótun skal fara í gegnum skipulagsferli eins og við á en landmótun er ekki endurnýtingaraðgerð eða förgunaraðgerð.